

AUGLÝSING

77

13. okt.

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna.

Hinn 27. september 1956 var undirritað í Reykjavík viðskiptasamkomulag milli Íslands og Sovétríkjanna. Gildir samkomulagið og vörulistarnir, sem því fylgja, í þrjú ár, frá 1. janúar 1957 til 31. desember 1959. Samkomulagið byggist á grundvelli viðskipta- og greiðslusamningsins milli Íslands og Sovétríkjanna frá 1. ágúst 1953 (Stj.tíð. A. 51/1953).

Í samkomulaginu er gert ráð fyrir, að flutt verði út árlega næstu 3 árin til Sovétríkjanna 32 000 tonn af freðfiski, 15 000 tonn af saltsild, 1 000 tonn af freðsild og aðrar vörur fyrir 2 milljónir króna. Helztu útflutningsvörur frá Sovétríkj-unum verða brennsluolíur, benzín, kol, koks, sement, steypustyrktarjárn, járn-pípur og aðrar járn- og stálvörur, timbur og ýmsar kornvörur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 13. október 1956.

Emil Jónsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

78

13. okt.

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Ísrael.

Með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ísrael í Stokkhólmi, dags. 9. og 11. maí 1956, var viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ísrael frá 18. maí 1953 (Stj.tíð. A. 60/1953) framlengdur óbreyttur til 18. maí 1957.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 13. október 1956.

Emil Jónsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

79

13. okt.

um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Hinn 28. júní 1956 var í Bonn undirrituð bókun um framlengingu viðbótar-samkomulags frá 30. júní 1955 um viðskipti milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands á grundvelli viðskiptasamnings frá 20. maí 1954 (Stj.tíð. A. 89/1955). Gildir framlengingin til 30. júní 1957.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 13. október 1956.

Emil Jónsson.

Henrik Sv. Björnsson.